

Viðauki:

Athugasemdir námskrárnefndar Félags heimspekikennara við drög að Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti, Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 14. júlí 2010.

Framsetning nýju aðalnámskrárinnar er aðgengileg, hún opnar fyrir nýja og fjölbreytta kennsluhætti og af markmiðum og áhersluþáttum væntanlegrar aðalnámskrár að dæma þá má gera ráð fyrir því að hlutverk heimspekikennslu vegi þyngra í starfsemi grunnskólanna eftir útgáfu hennar. Athugasemdir okkar við orðalag eru við kafla 4. *Áhersluþættir í aðalnámskrá*, 5. *Lykilhæfni* og 7. *Inntak og skipulag náms* og koma þær fram með yfirstrikunum og litabreytingum hér fyrir aftan.

4. Áhersluþættir í aðalnámskrá

Í kaflanum um áhersluþætti í aðalnámskrá er að finna heimspekileg markmið sem þarf að greina betur.

Bls 7:

Eitt af meginmarkmiðum almennrar menntunar er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðislegu þjóðfélagi, efla ~~borgaravítund~~ og skilning á réttindum einstaklingsins, ábyrgð hans og skyldum og manngildi, **um leið og stuðlað er að þroska hvers nemanda**. Í aðalnámskrá grunnskóla skal m.a. leggja áherslu á:

a) Sjálfsvitund. Í því felst að nemandi öðlist raunsæja og jákvæða vitund um sjálfan sig, læri að þekkja sínar sterku og veiku hliðar og öðlist trú á eigin getu og hæfni til að takast á við fjölbreytileg viðfangsefni daglegs lífs **og ekki síst þjálfist í að taka sjálfstæða rökstudda afstöðu til námsefnisins**.

Siðgæðisvitund felur í sér að nemandur efli siðferðisþroska sinn og geti sett sig í spor annarra. Nemandur læri að taka siðferðilega afstöðu til álitamála og virða rétt hvers og eins til að láta skoðanir sínar í ljósi. Þeir læri að gera greinarmun á jákvæðu og neikvæðu hegðunarmynstri í samskiptum, ~~og~~ bera virðingu fyrir öðrum **og að gera sér grein fyrir andstæðum skoðunum við sínar eigin og þeim rökum sem þar búa að baki**.

Bls 8:

d) Leggja þer áherslu á að nemandur þjálfist í að **tjá þekkingu sína, skoðanir, hugleiðingar og tilfinningar** á fjölbreyttan hátt, því þer að leggja áherslu á leikræna og listræna tjáningu og upplifun í skólastarfi.

e) Efla þer **rökhugsun og gagnrýna hugsun** nemenda, það er m.a. gert með því að þjálfna þá í að greina og skilja tengsl og orsakasamhengi hluta og draga röklegar ályktanir af gefnum forsendum, en jafnframt að leggja mat á þær forsendur sem gefnar eru. Í grunnskóla þarf að efla gagnrýna, sjálfstæða hugsun, **jafnt greinandi og skapandi**, og heilbrigða dómgreind hjá einstaklingum og hæfileika til þess að bregðast við nýjum aðstæðum. Nemandur þurfa í námi sínu að fá tækifæri til þess að tjá skoðanir sínar í rituðu og mæltu máli.

f) Leggja ber áherslu á að nemendur öðlist sem dýpstan skilning á þeim fyrirbærum sem þeir fást við í námi sínu. Það er m.a. gert með því að leggja áherslu á **frjótt, skapandi starf, nýsköpun og frumkvöðlanám**, þar sem áhersla er lögð á frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og hagnýtingu þess í skólastarfi og daglegu lífi. **Nemendum þarf að vera veitt frelsi til að spyrja sinna eigin spurninga, koma með sínar eigin tengingar, og treysta sínu eigin mati á námsefninu til að geta þróað hugsun sína og skilning.**

5. Lykilhæfni

Í kaflanum um Lykilhæfni ætti að skerpa á ýmsu með því að bæta inn punktum út frá heimspekilegri nálgun (að geta tekið sjálfstæða rökstudda afstöðu til námsefnisins, geta tengt námsefnið eigin heimi, geta spurt eigin spurninga, geta sett fram eigin hugleiðingar um námsefnið, dregið saman aðalatriði eigin nálgunar).

Bls. 10:

Í aðalnámskrá eru sett ákvæði um inntak og skipulag náms í **heimspeki**, íslensku, íslensku sem öðru tungumáli eða íslensku táknmáli, stærðfræði, ensku, dönsku eða öðru Norðurlandamáli, list- og verkgreinum, náttúrugreinum, skólaþróttum, samfélagsgreinum, jafnréttismálum, trúarbragðafræði, lífsleikni og upplýsinga- og tæknimennt.

Bls. 11:

Námshæfni

Lykilhæfni felur m.a. í sér að:

- geta tekið sjálfstæða rökstudda afstöðu
- vera óhrædd við að spyrja þrátt fyrir þá óvissu sem það getur skapað

Bls. 12:

Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar

Lykilhæfni felur m.a. í sér að:

- geta afhjúpað og greint hugmyndir sínar og komið auga á ný tengsl

Lýðræði og mannréttindi

Lykilhæfni felur m.a. í sér að:

- gera sér grein fyrir andstæðum skoðunum og hugsanlegum rökum þar að baki
- geta virt margbreytileika og höndlað átök og ágreining

7. Inntak og skipulag náms

Bls. 21-22:

Það vantar að setja heimspeki inn í viðmiðunarstundarskrár.

Fyrir hönd námskrárnefndar Félags heimspekikennara

Björn Rúnar Egilsson
Elsa Haraldsdóttir
Kristín Hildur Sætran